





Ljósmyndir: Daníel Bergmann

Hönnun og umsjón: Teikn á lofti ehf.

## **Hrossagaukur** *(Gallinago gallinago)*




Vetrarstöðvar: Írland og Frakkland



| egg | cm | g |
|---|---|---|
| 4 | 44-47 | 110 |

Hrossagaukurinn stingur löngum goggnum í votan og mjúkan jarðveg og tínir upp orma, lirfur, bjöllur og áttfætlur og eitthvað af jurtafæðu. Gefur frá sér hjakkandi stef. Kunnuglegast er þó „hneggið“ sem heyrist þegar vængirnir mynda loftstraum sem leikur um ystu stélfjaðrirnar um leið og hann steypir sér niður á flugi.

The Common Snipe feeds mainly on insects and makes very noticeable sound created by its wings as it dives in the air.

## **Spói** *(Numenius phaeopus)*




Vetrarstöðvar: NV-Afríka, sunnan Sahara



| egg | cm | g |
|---|---|---|
| 4 | 76-89 | 500 |

Aðalfæða spóans er skordýr, köngulær, sniglar, ormar, krabbadýr og ber. Langur goggurinn nýtist vel til að grípa fæðu jafnt á yfirborði sem í mjúkum leir. Söngur spóans, vellið, er eitt af einkennishljóðum íslenska sumarsins. Að auki gefur hann frá sér ýmis flauthljóð.

The Whimbrel feeds mainly on insects, spiders, snails, worms, crabs and berries. The sound of the Whimbrel is concidered to belong to the Icelandic summer.

## **Jaðrakan** *(Limosa limosa)*




Vetrarstöðvar: Írland, Frakkland og Portúgal



| egg | cm | g |
|---|---|---|
| 4 | 70-82 | 300 |

Jaðrakan stingur með goggnum djúpt í leirur, mýrar eða tjarnarbotna eftir ormum, skeldýrum, sniglum, lirfum og öðrum hryggleysingjum. Hann tekur einnig fræ og ber. Gefur frá sér hrjúft kvak og hvellt nefhljóð á varptíma, „vaddúddí - vaddúddí“ og „vííta - vííta - vííta“, annars þögull.

The Black-tailed Godwit feeds mainly on worms, molluscs, caterpillars, seeds and berries.